

Arabadrengurinn (The Arab Boy)

Björk

Það var í Næturllestinni í Kairo
Það sem ég hitti Arabadrengr
Sem síðan aldrei úr huga mér hverfur
Ég elska hann

Hann sagði sögur af úfalda sínum
Og söng um vatnið í vinjum og ám
Hann brá upp myndum með töfrandi línunum
Ég elska hann

Það var vor og sól
Daginn eftir fór ég að hitta hann
Við fórum niðr'að níl
Við þurftum engan bíl, aðeins úfaldann

Hann fór og sýndi mér pýramýða
Rétt við j'aðar Sahara sands
Og aug'ans lystu við steinana hvíta
Ég elska hann

Á Nílarbökkum við gengum og sungum
Um lífsins gleði, fegurð og ást
Ég fylltist anda úr framandi tungum
Ég elska hann

Það var vor og sól
Fuglar sungu í kór að ég hitti hann
Við fórum niðr'að níl
Við þurftum engan bíl, aðeins úfaldann

Hann kvaddi mig með tárbotum augum
Á lestarstöðinni daginn þann
Er ástin brann svo heitt í mínum taugum
Ég vissi ég sæi aldrei aftur hann

Mig dreymir oft um drenginn minn fríða
Þú þá er lífið ljúft í nálægð hans
Hann hefur stækkað, því árin þau líða
Ég elska hann

Hér uppá Íslandi græt ég í leynum
Og leita'að merkjum sem minna á hann
Ég sé hans andlit í stokkum og steinum
Ég elska hann